

## Glymur.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1950 eftir Jón Helgason segir svo: "Milli Hvalfells og Veggja fellur Botnsá úr Hvalvatni og sveigir suðvestur með fellinu. Rennur hún skamman veg um flatt land, fram á brúnir Botnsdals, og steypist við vesturöxl Hvalfells niður í gljúfur mikið eða gjá, um það bil tvö hundruð metra djúpa, allt niður í dalbotn, Verður þar fossinn Glymur, sem hæstur mun allra fossa hér á landi. Eru hlíðarnar báðum megin snarbrattar og grynnist gljúfrið því mjög fljótt. En eigi að síður er það hið ferlegasta og sem rist með sveðju gegnum berglögin, sem þarna hafa í fyrndinni hlaðist hvert á annað ofan. Brekkurnar vestan gljúfursins heita Glymsbrekkur, en austan þess eru margar skógartungur, ofan frá melunum vestan í Hvalfelli og niður að Botnsá, skornar sundur af djúpum giljum. Er Einitunga efst við megingljúfur Glyms, þá Breiðatunga, Mjóatunga og Ásmundartunga syðst, norðan Hvalskarðsár, Ekki er hægt að sjá Glym allan í einu nema af tveimur bergsnösum austan gljúfursins. En leið þangað er næsta torfær, því að yfir vandrötuð gil er að fara, vestan í Hvalfelli. Vatnsmagn árinna er oftast lítið, nema vatnavextir séu og ber regindýpt og hrikaleiki gljúfursins fossinn ofurliði, svo að hann verður eins og mjór strengur, sem þræddur er í gegn um hið ægilega gil fjallsins. En fegur er hann samt á að sjá, er sól er í hásuðri og geislarnir falla beint inn í gjána, en biksvartir skuggarnir liggja undir slútandi berginu, og fýlar sem þarna hafa tekið að verpa á síðustu árum sveima fram og aftur. Gaman er einnig fyrir þá, sem þekkingu hafa til að bera að virða fyrir sér berglögin, grá og svört, rauð og brún er þarna neyðast til þess að opinbera skyggnu auga leyndardóma sína. Sums staðar má sjá, hvernig blágrýtislög hafa endur fyrir löngu orðið innlyksa í öðrum bergtegundum og vellandi leiða hefur fyllt glufur og geilar. Mörgum stökum hefur verið kastað fram við Glym, og munu sumar þegar landfleygar. Þannig kvað Sigurður Helgason á Fitjum:

Botns- í háum brúnum fláum breytinn þrymur,  
vatni bláu fleytir fimur  
fossinn sá sem heitir Glymur.  
En Sigvaldi skáldi Jónsson kvað:

Á þann himinháa Glym,  
hver sem skimar lengi,  
fær í liku sundl og svim  
sem á rimum gengi.  
og Einar Sigurðsson kvað:

Straumaglammið stansar hvergi.  
stillt af rammaseið.  
Glymur fram af bröttu bergi  
beina þrammar leið."

Nokkru neðan við gljúfrin er annar foss í Botnsá, sem heitir Folaldafoss. Hann er ekki hár, en umhverfið ólíkt hlýlegra, því á stöllum og syllum við fossbrúnina vaxa birkihríslur og annar gróður. Þaðan í frá liðast áin um dalbotninn allt til sjávar, víðast í hægum straumi.

Gatan ofan hlíðina er skýr og slétt undir fæti. Framundan, handan ár, er býlið Stóribotn, sem nú er í eyði. Sunnan við túnið er göngubru á ánni og þaðan greið leið upp á veginn hjá bænum.

Frá Stórabotni heldur gamla gatan áfram upp brekkurnar um Svartahrygg, Grillirahrygg og áleiðis að Efstabæ í Skorradal. Botnsdalur er víða kjarri vaxinn. Hann er ekki landmikill en þótti góður undir bú. Þar eru tvær bújarðir, Stóribotn og Neðri- eða Litlibotn. Báðir norðan ár. Búskap var hætt á Stórabotni laust eftir 1970. Hóf þá eigandi jarðarinnar ræktun barrtrjáa, sem blasa við augum í hlíðinni sunnan ár.

Í Landnámabók er dalsins getið með þessum hætti:

"Maður hét Ávangur, írskur að kyni. Hann byggði fyrst í Botni. Þar var á svo stór skógur að hann gerði þar af hafskip og hlóð þar, sem nú heitir Hlaðhamar". Kletthöfði innst í Botnsvogi að sunnanverðu ber þetta nafn nú. Menn hafa dregið söguna í efa, því í Noregi voru skipin byggð úr trjáviði. Á Írlandi byggðu menn haffær skip út skinnum, sem strengd voru á trégrind. Hefur Ávangur ekki byggt skipið að írskum hætti?

Skammt utan við Hlaðhamar er smá slakki er gengur inn í hlíðina og heitir Kötlugróf. Skýringar á nafninu er að finna í Harðar sögu og Hólmverja. Þar börðust grimmilega tvær fjölkunnugar konur, Þorbjörg katla og Þorgríma smiðkona. Átökunum lauk svo að þær lágu báðar dauðar eftir, rifnar og skornar.

Svæðið umhverfis Botnsdal, innsti hluti Hvalfjarðar, er að hluta sögusvið Harðar sögu og Hólmverja. Ein hetja þeirrar sögu, Geir Grímsson frá Grímsstöðum fór til Noregs ásamt Herði fóstbróður sínum. Er Grímur kom til baka "keypti hann land í Neðra-Botni og færði þangað bú sitt, og var allgagnsamt". Þar bjó hann og þaðan fóru þeir félagar í ránsferðir uns þeir rifu húsin í Neðra-Botni og fluttu viðina út í Geirshólma. Þar byggðu þeir skála yfir sig og lið sitt.

Auk þessara kappa hafa aðrir gert dalinn frægan á síðari tímum. Í Stórabotni fæddist og ólst upp Jón Helgason ritstjóri og rithöfundur (f. 1917) Liggja eftir hann margar bækur bæði skáldsögur og sagnapættir byggðir á sannsögulegum atburðum.

Í Litlabotni bjó um tíma á fyrri hluta þessarar aldar Beinteinn Einarsson. Hann átti nokkur börn og voru flest þeirra þekkt fyrir skáldgáfu sína. Má þar m.a. nefna Pétur (f. 1906), Halldóru (f. 1907) Einar (f. 1909) og Sveinbjörn (f. 1924) sem síðar var allsherjargoði Ásatrúarmanna. Annað skáld Jón Magnússon (f. 1896) ólst einnig upp á Litlabotni. ???

En saga dalsins er ekki öll sögð. Árið 1402 barst hin mikla drepsótt Svartidaudi til Íslands. Annálar greina frá því að hún hafi komið með skipi í Hvalfjörð. Þá var Maríuhöfn á Búðasandi við Laxárvog ein aðalhöfn landsins. Samkvæmt sömu heimildum tók Áli Svarhöfðason veikina og "deyði fyrstur af kennimönnum um haustið" í Botnsdal ásamt sjö sveinum sínum. Síðan breiddist pestin um landið og er talið að látist hafi um 40 þúsund manns úr henni, eða nærri helmingur landsmanna.

Upp frá botni vogsins að norðan eru Síldarmannabrekkur. Meðfram lítilli ársprænu, sem Brunná heitir, og rennur ofan brekkurnar liggur fjölfarin, forn leið áleiðis í Skorradal. Heitir hún Síldarmannagötur. Þótt engar heimildir geti um síldveiði í Hvalfirði áður fyrr, bendir þetta nafn til þess, að síld hafi verið veidd þar fyrr á öldum. Varla er gatan nefnd þessu nafni út í bláinn.

En hvaðan er nafn fjarðarins komið og annarra kennileita, sem eru tengd nafni hans?

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er þetta að finna.

